Ágæti félagi

Sumarið er gengið í garð og vonum við að allir eigi bjarta og ánægjulega daga framundan, hvort sem er í vinnu eða frí.

Símaþjónusta Kjalar verður opin í allt sumar á virkum dögum kl. 10:00–16:00, nema á föstudögum kl. 10:00–13:00.

Við viljum einnig minna á að enn er laust í nokkrar orlofseignir í sumar fyrir þá sem hafa áhuga á að tryggja sér góða dvöl.

Hér fyrir neðan má finna gagnlegar upplýsingar sem gott er að hafa við höndina í sumar.

Heimasíða



Ert þú búin að taka þátt í könnunni Sveitarfélag ársins?

Taktu þátt – þín rödd skiptir máli! Könnunin hjálpar sveitarfélögum að þróa betra starfsumhverfi og leggja grunn að markvissum umbótum. Með þátttöku þinni hefur þú bein áhrif á vinnustaðinn þinn.

Sjö heppnir svarendur verða dregnir út og fá 15.000 kr. vinning.

Könnunin er á vegum Mannauðssjóðsins Heklu og framkvæmd af Gallup.

Lesa meira

Sumarorlof



Sumarorlofstímabilið stendur nú yfir, frá 15. maí til 30. september, og því er mikilvægt að starfsfólk og stjórnendur séu meðvitaðir um helstu reglur og réttindi tengd orlofi. Orlof er áunnið miðað við starfshlutfall og starfstíma og skipulag þess fer fram í samráði við yfirmann, með það að markmiði að samræma óskir starfsmanna og þarfir starfseminnar.

Lesa meira



Orlofseignir

Stöðugt er unnið að úrbótum á eignum félagsins. Hús 7 á Eiðum hefur verið endurnýjað með nýrri eldhúsinnréttingu, gólfi og opnun milli rýma og er nú orðið sambærilegt öðrum eignum. Í húsi 8 á Eiðum hefur einnig verið bætt aðstöðu, þar sem sett var upp þvottavél og skipt um gólf. Þá hafa baðherbergi í Sólheimum og Lyngási verið tekin í gegn og íbúðirnar í Sólheimum lagfærðar. Þótt orlofseignirnar séu nú þegar góðar er ávallt unnið að því að gera þær enn betri.

Orlofsvefur



Er þinn vinnustaður með trúnaðarmann?

Ert þú eða einhver sem þú þekkir manneskjan sem lætur sig réttindi skipta máli og vill standa með samstarfsfélögum?
Að vera trúnaðarmaður er ekki bara mikilvægt hlutverk, það er líka tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif, læra nýtt og gera vinnustaðinn betri fyrir alla.

Kosningar fara fram í haust!

Taktu skrefið, því saman gerum við gott vinnuumhverfi enn betra!

Nánar um trúnaðarmenn

525 8383 | **kjolur@kjolur.is** | **kjolur.is**

Afskrá af póstlista

Þessi tölvupóstur var sendur á netfangið **thorasonja@kjolur.is**

Þessi póstur var sendur úr samskiptakerfi **zenter.is**